

Dagsetning: 18. mars 2025
Málsnúmer: 2503147/12.0

Til skipulags- og framkvæmdanefndar

MINNISBLAÐ

um fyrirhugað fjarskiptamastur á Fáskrúðsfirði

Haft var samband við undirritaðan þann 17.3.2025 frá fyrirtækinu Íslandsturnar vegna umsóknar um að setja upp fjarskiptamastur á Fáskrúðsfirði sumarið 2025. Tilgangur verkefnisins er að bæta fjarskiptasamband á svæðinu. Hönnuður Íslandsturna tjáði undirrituðum að Íslandsturnar hefðu verið í samskiptum við lóðarhafa að Nesvegi 2 (L158799), Fáskrúðsfirði um að fá að hafa mastrið inn á lóð hjá þeim.



Stjórnandi byggingar-, skipulags- og umhverfisdeildar telur það ekki vera heppileg leið. Eðlilegast er að Íslandsturnar reisi sitt mastur á sér lóð sem gerð væri fyrir það rétt eins og gert er með spennistöðvar, hleðslustöðvar svo eitthvað sé nefnd..


Mastur sem þetta eru oftast en ekki í nálægð við spennistöðvar (skv. upplýsingum frá Íslandsturnum). Það er m.a. vegna þess að Rarik hafi áhuga á að skoða það að fá net / síma samband eins nálagt spennistöðum og hægt er til að skoða framtíðar lausnar með stýringar og eftirlit með spennistöðvum frá sér.

Undirritaður vill kanna hvort möguleiki væri að koma mastrinu fyrir suð-austan við spennistöðina að Nesvegi 8, 750 Fáskrúðsfirði.






Samvæmt gögnum frá Nova er lagt til að mastrið sé innan þessa hringi sem sést hér á mynd að neðan. Einnig skildist undirrituðum að turnar sem þessir þyrftu ljósleiðara en stendur til í sumar að leggja ljósleiðara á Fáskrúðsfjörð. Hönnuður Íslandsturna og tengiliður ljósleiðaraverkefnisins frá Mílu hafa nú verið tengdir saman.





Stjórnandi byggingar-, skipulags- og umhverfismála leggur til að málið yrði sett í hefðbundið framkvæmdaleyfisferli og framkvæmdin grenndarkynnd fyrir eigendum að Nesvegi 2 og Goðatúni 4-5-5a-6-6a-7-7a og 9. Einnig verði leitast eftir umsögn Minjastofnunar og Isavia vegna flugvallar sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði.



Afstöðumynd
1 : 1500



Grunnmynd
1 : 100



Ásýnd
1 : 100

Byggingarlýsing:

Landnúmer: 167079 Hnit: 64.24185, -20.31555

Sótt er um heimild til þess að reisa fjarskiptamastur fyrir farsímaþjónustu til að sinna nærumbirgðum. Mastur yrði á landi félshöf við hlið spennistöð frá Rank. Stegillur er sökkull fyrir maststöð og rafmagnskáp. Ljósneðari liggur ekki langt frá fyrirtugadum stað.

Ekki er þörf á hjóli til að þjónusta mastur en tækjaskápur verður settur við hlið þess.

Teikning frá Íslandsturnum af 15 metra mastri sem Íslandsturnar gerður í Bláskógarbyggð árið 2022-2023, við hlið spennistöðvar.



Mynd frá Íslandsturnum



Aron Leví Beck
stjórnandi byggingar-, skipulags- og umhverfiseildar

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Mjóifjörður
Norðfjörður

Eskifjörður
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Breiðdalur